



Umhverfis- og auðlindaráðuneytið

Reykjavík, 11. nóvember 2021.

Efni: Umsögn um drög að reglugerð um sjálfbæra landnýtingu

Samtök afurðastöðva í mjólkuriðnaði (hér eftir SAM) vísa til tilkynningar í Samráðsgátt stjórnvalda dagsetta 24. September 2021 þar sem drög að reglugerð um sjálfbæra landnýtingu, mál númer 184/2021 (hér eftir reglugerðin) voru kynnt til umsagnar.

SAM hafa farið yfir drögin og telja ekki rétt að staðfesta reglugerðina án breytinga.

SAM vilja benda sérstaklega á að reglugerðin byggir á þröngri sýn á sjálfbæra landnýtingu, þar sem eingöngu er horft á áhrif nýtingar á land, en ekki á áhrif nýtingar á sjálfbærni í landbúnaði. Ítarlega er fjallað um sjálfbæra landnýtingu í umræðuskjalinu Ræktum Ísland¹ (5.kafli) og bent á nauðsyn þess að jafnvægi sé á milli sjónarmiða jarðvegs- og gróðurverndar annars vegar og beitarnýtingar hins vegar. SAM taka undir umfjöllun umræðuskjalsins og benda jafnframt á að landnýting verður að vera hagkvæm svo hún teljist sjálfbær.

Þó þessi þrönga sýn í reglugerðinni geti talist eðlileg þar sem reglugerðin byggir alfarið á grundvelli 11. gr. laga um landgræðslu nr. 155/2018, telja SAM mikilvægt að meta áhrif reglugerðarinnar á landbúnað og sjálfbæra framleiðslu matvæla á Íslandi, áður en reglugerðin verður staðfest. Sérstaklega benda SAM á nauðsyn þess að kostnaðarmeta afleiðingar reglugerðarinnar með tilliti til áhrifa á hagkvæmni landbúnaðar á Íslandi.

Vegna ákvæða í e-lið 7 gr. reglugerðarinnar, sem ætlað er að koma í veg fyrir „vatnsmengun“ ásamt ákvæðum í 4. gr. Viðauka II um útskolunarhættu, um bann við dreifingu tilbúins áburðar á öllu landi sem er innan við 5-10 m frá vatni, vilja SAM minna á að tilbúinn áburður er næringarefni en ekki eiturefni. Engin ástæða er til að setja strangar reglur um dreifingu tilbúins áburðar nálægt vatni nema talin sé hætt á að áburðurinn geti valdið ofauðgun næringarefna í vatninu. Vegna takmarkaðs þéttleika íslensk landbúnaðar, mikillar úrkomu, mikils vatnsmagns og straumþunga, er hverfandi hætt á ofauðgun næringarefna í flestum ám og lækjum á Íslandi.

SAM benda einnig á að reglur eru þegar í gildi um takmarkanir á dreifingu tilbúins áburðar og húsdýraáburðar, sjá ákvæði reglugerðar nr. 804/1999² um varnir gegn mengun vatns af völdum köfnunarefnissambanda frá landbúnaði og öðrum atvinnurekstri, ásamt starfsreglum um góða búskaparhætti³ sem byggja á reglugerðinni.

SAM telja enga þörf á nýjum strangari reglum um dreifingu áburðar.

f.h. Samtaka afurðastöðva í mjólkuriðnaði sf

Stjórnarformaður SAM

1. [https://www.stjornarradid.is/library/01--frettatengt--myndir-og-skrar/ANR/Landbunadur/Raektum_Island_WtB_Sidur%20\(002\).pdf](https://www.stjornarradid.is/library/01--frettatengt--myndir-og-skrar/ANR/Landbunadur/Raektum_Island_WtB_Sidur%20(002).pdf)
2. <https://www.reglugerd.is/reglugerdir/allar/nr/804-1999>
3. <https://ust.is/library/Skrar/utgefud-efni/Annad/buskaparhaettir.pdf>